



SAMKEPPNISSTOFNUN

Ársskýrsla 2001

EFNISYFIRLIT

- 2 STAÐA OG HLUTVERK SAMKEPPNISYFIRVALDA
- 3 VIÐBURÐARÍKT ÁR AÐ BAKI GEORG ÓLAFSSON, FORSTJÓRI SAMKEPPNISSTOFNUNAR
- 5 YFIRLIT YFIR STARFSEMI SAMKEPPNISSTOFNUNAR 2001
- 11 ÁKVARÐANIR SAMKEPPNISRÁÐS
- 13 ÁLIT SAMKEPPNISRÁÐS
- 13 BIRTAR KANNANIR SAMKEPPNISSTOFNUNAR
- 13 ÚTGEFNAR SKÝRSLUR
- 14 REKSTRARKOSTNAÐUR
- 14 ÞJÓNUSTUVÍÐAR
- 14 SKIPURIT
- 15 SAMKEPPNISRÁÐ OG STARFSMENN SAMKEPPNISSTOFNUNAR

STaðA OG HLUTVERK SAMKEPPNISYFIRVALDA

STaðA OG HLUTVERK

Samkeppnisyfirvöld, þ.e. samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun, heyrar undir viðskiptaráðuneyti og starfa samkvæmt samkeppnislögum nr. 8/1993 með síðari breytingum.

Samkeppnisráð tekur ákvarðanir í öllum málum þar sem skorið er úr ágreiningi um gildissvið samkeppnislaga og í málum sem hafa stefnumarkandi eða viðtæk áhrif. Ráðið tekur jafnframt allar ákvarðanir um aðgerðir, bönn og sektir á grundvelli samkeppnislaga.

Samkeppnisstofnun undirbýr mál sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og ráðgjafarnefndir þess og annast dagleg störf ráðsins. Þá annast stofnunin samskipti ráðsins við einstaklinga, fyrirtæki, fjölmiðla, stofnanir, stjórnvöld og dómstóla. Samkeppnisstofnun er heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða og er falið ákvarðanavald á afmörkuðum sviðum. Samkeppnisstofnun annast jafnframt eftirlit með lögum um neytendalán, lögum um alferðir, lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga og lögum um jöfnun á flutningskostnaði oliuvara.

Hægt er að kæra ákvarðanir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar til sjálfstæðrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Samkeppnisstofnun annast málflytning f.h. samkeppnisráðs fyrir áfrýjunarnefnd.

▶ VIÐBURÐARÍKT ÁR AÐ BAKI – Georg Ólafsson

Árið 2001 var viðburðaríkt í starfi Samkeppnisstofnunar. Samkeppnisvið stofnunarinnar lauk við nokkur stór verkefni og samkeppnisráð beitti í fyrsta sinn sektarheimildum samkeppnislaga þegar fyrirtæki á grænmetismarkaði voru sektuð fyrir ólögmeitt samráð. Premur öðrum málum lauk með sektum.

Í sjálfu sér er tilgangur samkeppnislaga ekki að sekta fyrirtæki. Reynslan hefur hins vegar sýnt að sektir eru tæki sem nauðsynlegt getur verið að grípa til í því skyni að markmið samkeppnislaga nái fram að ganga. Einnig gegna þær mikilvægu forvarnarhlutverki. Fram hefur komið, meðal annars hjá samtökum í atvinnulífinu, að fyrr hefði verið tilefni til að samkeppnisyfirvöld beittu sektarheimildum. Það kann að vera, en samkeppnisyfirvöld völdu hins vegar að fara varlega í þessum efnum og veita fyrirtækjum nægilegt svigrúm til að laga sig að þeim breyttu leikreglum sem samkeppnislög setja þeim. Einnig er það í samræmi við framkvæmd samkeppnislaga í öðrum löndum. Framvegis má þó gera ráð fyrir að sektum verði beitt í ríkari mæli verði fyrirtæki uppvis að því að brjóta samkeppnislög.

Á síðastliðnu ári lauk Samkeppnisstofnun öðru sinni athugun á stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi. Samkeppnisyfirvöld í öðrum löndum hafa í auknum mæli verið að rannsaka tengsl af þessum toga og hamlandi áhrif sem þau kunna að hafa á þróun virkrar samkeppni. Það segir sig sjálft að í okkar litla og að vissu marki afskekkt þjóðfélagi þurfa samkeppnisyfirvöld enn frekar að vera á varðbergi gagnvart áhrifum slíkra tengsla. Athugun Samkeppnisstofnunar á síðasta ári er liður í því starfi.

Stofnunin lauk einnig við umfangsmikla athugun á hækkunum á matvöruverði sem voru á skjön við það sem búist hafði verið við, m.a. í ljósi þróunar í gengismálum. Niðurstaða stofnunarinnar var að flestar þessar verðhækkningar mætti skýra með hækkun álagningar hjá dagvöruheðjum í kjölfar samþjöppunar á þeim markaði. Í framhaldi af athugininni hafa heyrst raddir um að settar verði síðareglur í viðskiptum dagvöruheðja og birgja þeirra, til að tryggja jafna samkeppnisstöðu slíkra aðila. Er það mál nú til skoðunar.

Á árinu 2002 munu tvö samkeppnismál verða fyrirferðamikil í starfi stofnunarinnar: athuganir á meintu ólögmeitu samráði, annars vegar hjá váttryggingafélögum og hins vegar hjá olíufélögum. Umfang þessara mála og mikilvægi þess að hraða úrvinnslu þeirra kann að hafa þau áhrif að umfjöllun annarra mála víki tímabundið og taki lengri tíma en ella.

Á sviði óréttmætra viðskiptahátta hafa samkeppnisyfirvöld fengið heimildir til að sekta fyrirtæki fyrir að beita rangfærslum og/eða blekkingum í auglýsingum. Því miður hefur það of lengi viðgengist að fyrirtæki ástundi slíka iðju, sem ekki aðeins hefur skaðað neytendur heldur einnig þá keppinauta fyrirtækjanna sem hafa í heiðri heilbrigða viðskiptahætti. Fjöldi mála af þessu tagi hefur jafnan verið til umfjöllunar hjá stofnuninni en vonir eru bundnar við að þeim fækki með beitingu þeirra virku úrræða sem nú eru fyrir hendi.

Þrátt fyrir að Samkeppnisstofnun hafi orðið að fækka verðkönnunum mun stofnunin þó áfram gera slíkar kannanir, enda efla þær verðskyn neytenda en það er ein af meginforsendum þess að samkeppni fái þrífist. Til að tryggja sem bestan árangur þarf að huga að samstarfi við aðra aðila sem vinna að verðkönnunum og miðlun

verðupplýsinga til neytenda. Nátegt verðkönnunum er eftirlit með verðmerkingum. Því miður sýnir reynslan að sé ekki reglulega fylgst með verðmerkingum versnar ástand þeirra fljótt. Samkeppnisyfirlid hafa nú einnig fengið ríkari heimildir til að framfylgja reglum um verðmerkingar og vonandi sér þess merki í bættum verðmerkingum í náinni framtíð. Með því er réttur neytenda virtur og aðhald með samkeppni aukið.

► YFIRLIT YFIR STARFSEMI SAMKEPPNISSTOFNUNAR 2001

Segja má að starfsemi Samkeppnisstofnunar sé þrískipt, í samræmi við meginefnisþætti samkeppnislaga. Samkeppnisvið hefur með höndum mál sem varða samkeppnishindranir og tilraunir fyrirtækja til að hamla samkeppni. Markaðsmálasvið hefur með höndum mál sem varða óréttmæta viðskiptahætti og villandi upplýsingastarfsemi ásamt eftirliti með ýmsum sérlögum. Stjórnsýslusvið hefur m.a. með höndum rekstur skrifstofu stofnunarinnar, tölvumál og þau mál sem tengjast gagnsæi markaðarins. Undir gagnsæi markaðarins fellur vinna við að efla verðskyn neytenda og auðvelda neytendum og fyrirtækjum yfirsýn yfir markaðinn, meðal annars með gerð verðkannana.

● SAMKEPPNISVIÐ

Þau mál sem voru hvað umfangsmest á samkeppnisviði á árinu 2001 voru mál sem Samkeppnisstofnun tók til athugunar að eigin frumkvæði. Hæst bar rannsóknir á málum sem lúta að ólögmetu samkeppnishamlandi samstarfi fyrirtækja. Þá fór drjúgur tími í athugun á samrunamálum, sem ætíð krefjast mikillar vinnu. Samkeppnisstofnun rannsakar mál sem varða meintar samkeppnishömlur og undirbýr fyrir umfjöllun í samkeppnisráði. Einnig annast Samkeppnisstofnun vörn fyrir hönd samkeppnisráðs þegar málum er skotið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Fer allmikil vinna í undirbúning mála sem nefndin fjallar um. Það virðist færast í vöxt að ákvörðunum samkeppnisráðs í málum sem fela í sér íhlutun sé skotið til áfrýjunarnefndar.

Í eftirfarandi samantekt er tæpt á þeim málum sem hæst bar í störfum samkeppnisviðs og hafa stefnumótandi áhrif á störfin á ókomnum árum.

Áhrif breytinga á samkeppnislögum

Með lögum nr. 107/2000, sem tóku gildi í desember það ár, voru gerðar veigamiklar breytingar á samkeppnislögum. Lagabreytingin endurspeglaðist að nokkru í störfum samkeppnisviðs á árinu 2001, einkum í úrvinnslu á málum sem varða misbeitingu fyrirtækja í markaðsráðandi stöðu. Þremur málum sem lúta að misbeitingu fyrirtækja á markaðsstöðu sinni lauk með ákvörðunum samkeppnisráðs og síðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála um að leggja á fyrirtækin stjórnvaldssektir. Fyrirtækin sem beitt voru sektum vegna misnotkunar á ráðandi stöðu voru Harpa hf. (Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 28/2001), Landssími Íslands hf. (Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 34/2001, úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 2/2002) og Skífan hf. (Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 40/2001, úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 1/2002). Að óbreyttum lögum hefði ekki verið unnt að beita sektarákvæðum samkeppnislaga vegna samkeppnisbrota fyrirtækjanna.

Brot Hörpu fólst í því að fyrirtækið beitti stöðu sinni til að ná verksamningi af keppinauti sínum sem hlotið hafði verkið á grundvelli lægra verðtilboðs en Harpa hafði sett fram. Ekki var um verulega fjárhæð að tefla í verksamningnum en eðli brots Hörpu þótti gefa tilefni til 400 þús kr. stjórnvaldssektar.

Samkeppnisráð ákvað að sekta Landssíma Íslands um 40 milljónir króna, sem áfrýjunarnefnd samkeppnismála lækkaði í 10 milljónir króna, vegna samnings um

fjarskiptaþjónustu sem fyrirtækið gerði við Hafnarfjarðarbæ. Samningurinn fól í sér ákvæði um einkarétt Landssímans til að veita bænum umrædda þjónustu og ákvæði um afturvirknan afslátt. Með samningnum stóð Landssíminn í vegi fyrir keppinautum á markaðnum og misnotaði þannig ráðandi stöðu sína á fjarskiptamarkaði.

Skífan misnotaði markaðsráðandi stöðu sína og braut með því gegn 11. gr. samkeppnislaga þegar fyrirtækið gerði einkakaupasamning við Hagkaup f.h. Aðfanga ehf. um sölu á hljómdiskum. Á þann hátt reyndi Skífan að útiloka keppinauta fyrirtækisins frá markaðnum fyrir dreifingu á hljómdiskum til endursölu. Með tilliti til alvöru brotsins og þeirra hagsmuna sem voru í húfi þótti samkeppnisráði hæfa að sekta Skífuna um 25 milljónir króna. Í úrskurði sínum lækkaði áfrýjunarnefnd samkeppnismála sektina/upphæðina í 12 milljónir króna.

Samruni fyrirtækja

Hin nýju ákvæði samkeppnislaga voru einnig lögð til grundvallar í mati á samruna fyrirtækja, t.d. yfirtöku Mjólkurfélags Reykjavíkur svf. og Lýsis hf. á Fóðurbíldunni hf. (Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 29/2001, úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 18/2001). Það er nýtt í lögnum, og reyndar nýlegt í evrópskum samkeppnisrétti, að unnt er að grípa til íhlutunar þegar samruni leiðir til þess að það myndast sameiginleg markaðsráðandi staða tveggja eða fleiri fyrirtækja. Þetta gerðist að mati samkeppnisráðs þegar Mjólkurfélagið og Lýsi keyptu Fóðurbíldunna. Mjólkurfélagið og Fóðurbíldan eru langstærstu fyrirtækin á fóðurmarkaðnum hér á landi. Hið fyrrnefnda var með 39% markaðshlutdeild á árinu 2000 og hið síðarnefnda með 36% hlutdeild. Keppinautar fyrirtækjanna eru mun minni; með 2–17% hlutdeild hver um sig. Að fóðurmarkaðnum eru miklar aðgangshindranir, m.a. í formi tolla. Mat samkeppnisráðs var að fóðurmarkaðurinn væri dæmigerður fákeppnismarkaður þar sem líklegt væri að stærstu fyrirtækin tækju tillit hvort til annars í markaðshagðun sinni. Þannig myndi ekki duga að setja samruna fyrirtækjanna skilyrði til að viðhalda eða örva samkeppni á markaðnum, eins og forsvarsmenn þeirra lýstu sig reiðubúna að samþykka. Sameiginlega myndu fyrirtækin tvö öðlast markaðsráðandi stöðu. Í málinu reyndi í fyrsta skipti á áður nefnt nýtt ákvæði í samrunagrein samkeppnislaga og var samruni Mjólkurfélagsins og Fóðurbíldunnar ógiltur.

Auk framangreinds var gripið til íhlutunar í samruna Lyfju hf. og Lyfjabúða hf. (Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 4/2001) og yfirtöku Sólufélags garðyrkjumanna svf. og tengdra félaga á Ágæti hf. (Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/2001). Í þessum tveimur samrunamálum setti samkeppnisráð ítarleg skilyrði svo komist yrði hjá samkeppnislegum hindrunum vegna aukinnar samþjöppunar á viðkomandi mörkuðum.

Þótt ekki hafi verið um samruna að ræða, þá setti samkeppnisráð ítarleg skilyrði vegna samnings Reykjararðs hf. og Ferskra kjúklinga ehf. um slátrun og pökkun á kjúklingum. (Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 25/2001). Hluti af skilyrðunum lúta að því að samruni fyrirtækjanna verði ekki heimilaður, en umræður þar um höfðu farið fram þegar málið kom til umfjöllunar hjá samkeppnisyfirdömdum.

Ólögmeitt samráð og aðrar samkeppnishömlur á grænmetismarkaði

Það mál sem olli hvað mestum tímamótum á árinu 2001, og setti mikinn svip á störf samkeppnissviðs, var umfangsmikil vinna við rannsókn og úrvinnslu á máli er varðaði ólögmeitt samráð og samkeppnishömlur Sölufélags Garðyrkjumanna svf., Ágætis hf. og Mata ehf. á grænmetis-, kartöflu- og ávaxtamarkaði. (Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/2001, úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001).

Með ákvörðun sinni taldi samkeppnisráð umrædd fyrirtæki hafa, með samningum og samstilltum aðgerðum, brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Þótti vera sýnt fram á að Sölufélagið og Ágæti hefðu komist að samkomulagi um verðsamráð, þannig að Sölufélagið stjórnaði grænmetisverði og Ágæti verði á kartöflum allt frá byrjun árs 1995. Þá var einnig sýnt fram á markaðsskiptingu milli félaganna um innflutt grænmeti og ávexti og kartöflur og samkomulag um viðskipti með banana.

Ennfremur gerðu Sölufélagið og Mata með sér samkomulag um að stýra verði og skipta mörkuðum á tilteknum tegundum grænmetis og ávaxta. Fleiri ávirðingar félaganna þóttu og sannaðar. Var fyrirtækjunum þremur gert að greiða samtals 47 milljónir króna í stjórnvaldssektir, eftir að áfrýjunarnefnd samkeppnismála hafði kveðið upp úrskurð. Var þetta í fyrsta skipti sem stjórnvaldssektir voru lagðar á fyrirtæki eftir að samkeppnislögin tóku gildi árið 1993.

Í tengslum við framangreind mál um samkeppnishömlur á grænmetismarkaðnum birti samkeppnisráð landbúnaðarráðherra álit um samkeppnishindrandi ákvæði í lögum og reglum um innflutning á grænmeti (Álit samkeppnisráðs nr. 2/2001). Í álitinu er þeim tilmælum beint til ráðherra að beita sér fyrir því að tekin verði til endurskoðunar ákvæði í tolla- og búvörulögum sem hindra viðskipti með grænmeti og draga úr samkeppni á markaði fyrir þær vörur. Eftir allmikla nefndarvinnu hafa, þegar þetta er ritað, verið teknar ákvarðanir um gagngera lækkun og niðurfellingu á tollum á grænmeti. Gera má ráð fyrir að þessar ráðstafanir muni örva samkeppni í viðskiptum með þá vöru.

Matvörumarkaðurinn

Í apríl 2001 birti Samkeppnisstofnun ítarlega skýrslu um verðlagsþróun í smásölu á matvörumarkaðnum á tímabilinu 1996 til 2000. Í skýrslunni var gerður samanburður á verðþróun hjá birgjum annars vegar og smásölu hins vegar og fjallað um viðskiptahætti á markaðnum. Nú er unnið að því að rannsaka einstök mál sem kunna að lúta að samkeppnishindrunum á umræddum markaði og er einnig stefnt að því að setja reglur um samskipti smásöluverslana og birgja á matvörumarkaðnum.

Oliufélögin

Undir lok ársins var í kjölfar dómsúrskurðar gerð viðamikil húsleit hjá oliufélögum þremur hér á landi. Þessi leit var gerð vegna gruns um margháttuð brot félaganna á samkeppnislögum. Rannsókn vegna þessa máls mun bera hæst í störfum samkeppnissviðs á þessu ári.

Tryggingafélögin

Á árinu 2001 var unnið að umfangsmikilli rannsókn á meintu ólögmeitu samráði váttryggingafélaga innan Sambands íslenskra tryggingafélaga. Félagunum var birt frumathugun Samkeppnisstofnunar á samstarfinu í janúar 2002.

● MARKAÐSMÁLASVIÐ

Starfsemi markaðsmálasviðs á árinu 2001 einkenndist af miklum málafjölda. Alls komu til meðferðar rúmlega 170 mál, sem er mesti fjöldi mála frá gildistöku samkeppnislaga. Til meðferðar markaðsmálasviðs koma mál sem falla undir óréttmæta viðskiptahætti, neytendalán, alferðir og húsgöngu- og fjarsölusamninga. Að langstærstum hluta er um að ræða kvartanir frá neytendum og fyrirtækjum en svigrúm stofnunarinnar til að taka mál til athugunar að eigin frumkvæði er lítið. Flest málanna afgreiddi Samkeppnisstofnun með tilmælum, ábendingum eða sátt. Samkeppnisráð ákvarðaði um átta málanna og þremur ákvörðunum var áfrýjað til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Eins og fram hefur komið voru gerðar breytingar á samkeppnislögum á árinu 2000 sem tóku gildi í desember það ár. Með breytingunum fengu samkeppnisyfirlög m.a. virkari úrræði til að taka á þeim sem brjóta gegn góðum viðskiptaháttum eða birta rangar og villandi auglýsingar. Þannig getur samkeppnisráð nú lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvörðunum, reglum eða fyrirmælum ráðsins. Geta sektir numið allt að 10 milljónum króna.

Sem fyrr kom til meðferðar fjöldi mála þar sem auglýsingar fyrirtækja um gæði og áhrif vara þeirra veita neytendum rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar. Þá geta slíkar auglýsingar einnig verið ósanngjarnar gagnvart keppinautum. Í flestum tilvikum nægir að Samkeppnisstofnun sendi fyrirtækjum tilmæli um að breyta auglýsingum þannig að þær uppfylli skilyrði samkeppnislaga. Ekki kom til þess á árinu 2001 að sektum væri beitt gegn fyrirtækjum vegna þessa sviðs samkeppnislaga og segja má að hert viðurlög hafi haft fyrirbyggjandi áhrif.

Til kasta samkeppnisráðs komu þrjú mál sem fjölluðu um auglýsingar á áburði (Ákvarðanir samkeppnisráðs nr. 5/2001, 6/2001 og 37/2001). Aukin harka í samkeppni á áburðarmarkaði kom þannig fram í yfirlýsingum um gæði áburðar sem ekki var hægt að færa sönnur á í öllum tilvikum. Kom því m.a. til þess að samkeppnisráð bannaði birtingu ákveðinna fullyrðinga um gæði áburðar.

Í kjölfar fjölda athugasemda sem Samkeppnisstofnun bárust frá neytendum vegna auglýsinga á léttöli, óskaði stofnunin eftir að auglýsendur sýndu fram á að auglýst léttöl væri til í verslunum og stæði þannig neytendum til boða. Í sumum tilvikum gátu auglýsendur sýnt fram á að ölið væri raunverulega til og voru ekki gerðar athugasemdir við þær auglýsingar. Í þeim tilvikum sem ölið var ekki fáanlegt var fyrirtækjum bent á að hætta að birta auglýsingar.

Í samkeppnislögum er kveðið á um að auglýsingar fyrir íslenska neytendur skuli vera á íslensku. Á árinu þurfti Samkeppnisstofnun að benda nokkrum fyrirtækjum á þetta ákvæði í kjölfar auglýsinga þeirra á ensku og hefur svo verið á hverju ári frá gildistöku samkeppnislaga.

Á árinu varð sjáanleg aukning í málum sem með einum eða öðrum hætti snúa að Netinu. Þannig voru til meðferðar nokkur mál sem fjölluðu um deilur fyrirtækja um nöfn á lénum. Sölu- og þjónustuskilmálar netfyrirtækja eru oft og tíðum mjög einhliða og verðupplýsingar fyrirtækja á Netinu eru í alltof mörgum tilfellum ófullkomnar. Ljóst er að margt er óunnið í þessum málum og vænta má að þessi málaflokkur stækki á næstu árum.

● GAGNSÆI MARKAÐARINS

Til að auka gagnsæi markaðarins hefur Samkeppnisstofnun eftirlit með verðmerkingum og birtir verðkannanir á vörum og þjónustu eftir því sem ástæða þykir til. Tilgangurinn er að stuðla að og efla virka samkeppni og auðvelda neytendum og fyrirtækjum að hafa yfirsýn yfir markaðinn. Því gagnsærri sem markaðurinn er þeim mun betri forsendur eru fyrir virkri samkeppni. Með breyttum samkeppnislögum hafa samkeppnisyfirlit nú fengið markvissari úrræði til að framfylgja reglum um verðmerkingar.

Verðmerkingar

Allmikil vinna var lögð í að fylgjast með að reglum um verðmerkingar væri framfylgt. Eftirlit með verðmerkingum er margþætt, enda þarf að tryggja að verðmerkingar á vöru og þjónustu séu með þeim hætti að neytandinn geti nýtt sér upplýsingarnar.

Ósamræmi milli hillu- og kassaverðs

Á árinu gerði Samkeppnisstofnun átak í að koma verðmerkingum í matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu í betra horf. Athugun Samkeppnisstofnunar í apríl sýndi að verulegt ósamræmi var á milli verðmerkinga á hillukanti og verðs á vörum við afgreiðslukassa. Í rúmlega 7% tilvika var kassaverð hærra en það verð sem gefið var upp við hillu. Dæmi var um að verslun tæki hærra verð við kassa í 36% tilfella. Undir lok ársins sýndi ný athugun að matvörukaupmenn höfðu tekið sig verulega á í þessum efnum.

Athugun á verðmerkingum í matvöruverslunum á Suðurlandi og Vesturlandi sýndu að ástand verðmerkinga þar er svipað og á höfuðborgarsvæðinu. Í sambærilegri athugun á verðmerkingum á afgreiðslustöðvum olíufélaganna kom í ljós að í 15% tilvika voru verðmerkingar ekki í lagi og þar af var kassaverð í 8% tilvika hærra en það verð sem gefið var upp við hillu.

Ofangreind dæmi sýna nauðsyn þess að eftirlit sé haft með þessum málum.

Verðmerkingar í sérvöruverslunum

Góðar verðmerkingar í sýningargluggum verslana eru forsenda þess að neytendur geti fylgst með verðlagi. Um mitt árið athugaði Samkeppnisstofnun hvernig staðið væri að verðmerkingum í 603 sérvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu. Athugaðar voru verðmerkingar, bæði inni í verslunum og í sýningargluggum. Niðurstaða þessarar athugunar gaf til kynna að nokkuð skortir enn á að verðmerkingar geti talist viðunandi í sýningargluggum verslana, þó sjá mætti töluverða breytingu til batnaðar frá árinu 2000. Inni í verslunum voru verðmerkingar hins vegar óaðfinnanlegar í 95% tilvika. Þegar litið var á verðmerkingar eftir verslunargreinum kom verulegur munur í ljós. Bóka- og ritfangaverslanir skáru sig úr hvað góðar verðmerkingar í gluggum varðaði. Snyrtivöru- og blómaverslanir skáru sig hins vegar úr hvað lélegar verðmerkingar snerti.

Verðkannanir

Á árinu voru gerðar allmargar verðkannanir, bæði á vörum og þjónustu. Meðal þeirra má nefna verðkönnun á mjólk og mjólkurafurðum, verðkönnun á fiski og verðkönnun hjá hársnyrtistofum.

● AÐRAR ÁHERSLUR Í STARFSEMINNI

Á árinu 2001 ákvað samkeppnisráð að taka til endurskoðunar reglur nr. 672/1994 um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda, og voru drög að nýjum málsmeðferðarreglum send ymsum aðilum til umsagnar. Nýjar reglur um málsmeðferð, nr. 922/2001, tóku gildi 20. desember 2001.

Markmið þess að endurskoða reglurnar um málsmeðferð var að stuðla að frekari skilvirkni samkeppnisyfirvalda, gera störf þeirra gagnsærri og efla réttaröryggi. Meðal nýmæla sem fram koma í reglunum eru ákvæði um frumathugun og nánari reglur um bráðabirgðaákvæðanir Samkeppnisstofnunar.

Þann 20. desember 2001 tóku einnig gildi reglur um tilkynningu samruna, nr. 930/2001. Með lögum nr. 107/2000 var gerð sú breyting á samrunaákvæðum samkeppnislaga að samrunar sem falla undir 18. gr. laganna eru tilkynningaskyldir til Samkeppnisstofnunar. Í reglunum er því lýst hvaða upplýsingar skuli koma fram í samrunatilkynningum og eru þær til þess fallnar að auðvelda fyrirtækjum að útbúa slíkar tilkynningar. Fyrirmyndin að þessum reglum er sótt til samskonar reglugerða sem gilda í EES-samkeppnisrétti.

Starfsmenn Samkeppnisstofnunar tóku sem fyrr þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði samkeppnis- og neytendamála á árinu 2001.

Aftar í skýrslunni er að finna yfirlit yfir allar ákvarðanir og álit samkeppnisráðs á árinu 2001 ásamt helstu könnunum sem Samkeppnisstofnun framkvæmdi. Ákvarðanir og álit í heild sinni auk ýmissa upplýsinga um starfsemi Samkeppnisstofnunar er að finna á vefsvæði stofnunarinnar, www.samkeppni.is. Álit og ákvarðanir samkeppnisráðs, sem og allar fréttatilkynningar Samkeppnisstofnunar, birtast einnig á vefsíðu stofnunarinnar um leið og slíkt efni er gefið út.

▶ ÁKVARÐANIR SAMKEPPNISRÁÐS

ÁKVARÐANIR SAMKEPPNISRÁÐS

1. Kvörtun Eðalvara ehf. yfir auglýsingu Cetus ehf. á Power Ginseng.
2. Ákvörðun um dagsektir vegna neitunar Vöxtu ehf. um afhendingu gagna og upplýsinga.
3. Ákvörðun um afturköllun á ákvörðun nr. 44/1999 vegna rangra upplýsinga Búnaðarbanka Íslands hf., Sölufélags garðyrkjumanna svf. og Grænmetis ehf.
4. Samruni Lyfju hf. og Lyfjabúða hf.
5. Kvörtun Áburðarsölunnar Ísafoldar ehf. yfir auglýsingu Áburðarverksmiðjunnar hf.
6. Kvörtun Áburðarverksmiðjunnar hf. yfir auglýsingu Áburðarsölunnar Ísafoldar ehf.
7. Erindi Landssíma Íslands hf. vegna samnings Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og Línu.Nets hf. um svokallað skólanet.
8. Erindi Bandalags sjálfstæðra leikhúsa um meint brot Leikfélags Reykjavíkur, Þjóðleikhússins og Íslensku óperunnar á samkeppnislögum.
9. Kvörtun vegna útboðs Vegagerðarinnar á Breiðafjarðarferju.
10. Ákvörðun um dagsektir vegna vanrækslu Augnanna okkar ehf. á að fjarlægja auglýsingaskilti með firmanafninu Gleraugnabúðin.
11. Yfirtaka Sölufélags garðyrkjumanna svf. og tengdra félaga á Ágæti hf.
12. Kvörtun Eðalvara ehf. yfir auglýsingablaði Heilsuverslunar Íslands ehf.
13. Ólögmeitt samráð og samkeppnishömlur Sölufélags garðyrkjumanna, Ágætis og Mata á grænmetis-, kartöflu- og ávaxtamarkaði.
14. Kvörtun Snerpu ehf. gegn Landssíma Íslands hf. vegna Internetsþjónustu á breiðbandi.
15. Erindi Íslandssíma hf. vegna tilboðs Landssíma Íslands hf., Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. á endurgjaldslausri Internetþjónustu.
16. Erindi INTER, félags endursöluaðila á Internetþjónustu, vegna tilboða Íslandsbanka hf. og Íslandssíma hf. annars vegar og Landssíma Íslands hf. og samstarfsaðila hins vegar um ókeypis Internetþjónustu.
17. Kvörtun Bíósjálfsalans vegna SMS-þjónustu Landssíma Íslands hf.
18. Erindi Allrahanda Ísferða ehf. er varðar samkeppni Kynnisferða sf. í dagsferðum fyrir ferðamenn frá Reykjavík samkvæmt áætlun.
19. Erindi Fornleifafræðistofunnar vegna ójafnrar samkeppnisstöðu við fornleifarannsóknir.

20. Kvörtun Kuggs ehf. yfir meintum samkeppnishindrunum Félags fasteignasala.
21. Kvörtun Frjálsra fjarskipta hf. um meinta misnotkun Skímu ehf. á markaðsráðandi stöðu sinni í tengslum við verðlækkun á útlandasímtölum.
22. Kvörtun Krana sf. yfir framkvæmd lokaðs útboðs á vegum Áburðarverksmiðjunnar hf.
23. Auglýsingar Straums ehf. með verði án virðisaukaskatts.
24. Kvörtun veitingastaðarins Jarlsins yfir meintum óréttmætum viðskiptaháttum Þyrpingar hf., áður Eignarhaldsfélags Kringlunnar hf.
25. Samningur Reykjagarðs hf. og Ferskra kjúklinga ehf. um slátrun og pökkun á kjúklingum.
26. Afnám undanþágu fyrir Félag kjúklingabænda til að birta leiðbeinandi heildsöluverð á kjúklingum fyrir framleiðendur kjúklinga.
27. Erindi Akkorðs ehf. vegna lóðaskilmála Reykjavíkurborgar.
28. Kvörtun Mallands ehf. vegna misnotkunar Hörpu hf. á markaðsráðandi stöðu.
29. Yfirtaka Mjólkurfélags Reykjavíkur svf. og Lýsis hf. á Fóðurlöndunni hf.
30. Erindi Fornleifafræðistofunnar gagnvart Fornleifastofnun Íslands vegna samkeppnisstöðu við fornleifarannsóknir.
31. Afnám á hámarksökutóxtum sendibifreiða sem Trausti, félag sendibifreiðastjóra, gefur út.
32. Erindi Félags hópferðaleyfishafa vegna ríkisstyrkja til sérleyfishafa.
33. Afnám undanþágu fyrir Félag eggjaframleiðenda til að birta leiðbeinandi verð á eggjum fyrir framleiðendur eggja.
34. Kvörtun vegna misnotkunar Landssíma Íslands hf. á markaðsráðandi stöðu við gerð samnings við Hafnarfjarðarbæ um síma- og gagnaflutningsþjónustu.
35. Kvörtun Opins hugar ehf. yfir viðskiptasynjun Kreditkorta hf. og Greiðslumiðlunar hf.
36. Erindi Hringrásar ehf. vegna samnings Sorpu bs. við Furu ehf. um móttöku á brotamálmi.
37. Kvörtun Sláturfélags Suðurlands svf. yfir auglýsingum Áburðarverksmiðjunnar hf.
38. Auglýsingar Bræðranna Ormsson ehf. á loftbóludekkjum.
39. Erindi Norðurljósa samskiptafélags hf. um samkeppnisstöðu leyfisbundins útvarpsrekstrar einkaaðila gagnvart Ríkisútvarpinu.
40. Erindi FÍH og Japís ehf. vegna samnings Skífunnar hf. og Aðfanga ehf. um sölu á geisladiskum.

▶ ÁLIT SAMKEPPNISRÁÐS

ÁLIT

1. Erindi Bandalags sjálfstæðra leikhúsa um samkeppnisskilyrði á leikhúsmarkaði.
2. Samkeppnishamlandi ákvæði í lögum og reglum um innflutning á grænmeti.
3. Kvörtun World Class Akureyri yfir leigusamningi Akureyrarbæjar við Vaxtaræktina.
4. Kvörtun Tónskóla Hörpunnar vegna meintrar mismununar Reykjavíkurborgar í styrkjum til tónlistarskóla.

▶ BIRTAR KANNANIR SAMKEPPNISSTOFNUNAR

KANNANIR

1. Verðmerkingar í matvöruverslunum.
2. Verðkönnun á fiski.
3. Könnun á verði drykkja í veitingahúsum.
4. Verðmerkingar í matvöruverslunum ófullnægjandi.
5. Verðmerkingar í verslunum.
6. Verðkönnun á mjólk og mjólkurafurðum.
7. Verðkönnun hjá efnalaugum.
8. Verðmerkingar hjá oliufélögum.
9. Verð á vetrarhjólborðum og kostnaður við skiptingu.
10. Verðkönnun hjá hársnyrtistofum.
11. Verðmerkingar í sýningargluggum.

▶ ÚTGEFNAR SKÝRSLUR

SKÝRSLUR


1. Matvörumarkaðurinn. Verðlagspróun í smásölu 1996–2000.
2. Stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi.
3. Rannsókn á verðmyndun tiltekinna tegunda innflutts grænmetis í mars 2001.

REKSTRARKOSTNAÐUR ÁRIÐ 2001

	Þús. kr.
Laun	104.252
Annar rekstrarkostnaður	39.698
Stofnkostnaður	3.621
Heildarrekstrarkostnaður	147.571
Sértekjur	(15.044)
Mismunur	132.527

ÞJÓNUSTUVÍSAR ÁRIÐ 2001

Samkeppnis- og dómsmál	167
Kannanir á gagnsæi markaðarins	28
Mál á sviði óréttmætra viðskiptahátta	176
Útgáfa	22
Erlend málefni	24



► SAMKEPPNISRÁÐ

Brynjólfur Sigurðsson
Karitas Pálsdóttir
Sigurbjörn Magnússon

Atli Freyr Guðmundsson
Ólafur Björnsson

► SAMKEPPNISSTOFNUN

Samkeppnisstofnun

samkeppni@samkeppni.is

Nöfn

Anna Birna Halldórsdóttir
Anna Dögg Hermannsdóttir
Ásgeir Einarsson
Ásta Pálsdóttir
Brynja Hafsteinsdóttir
Elisabet Sigurðardóttir
Georg Ólafsson
Guðmundur Sigurðsson
Guðlaugur Stefánsson
Guðríður Margrét Kristjánsdóttir
Gunnar G. Þorsteinsson
Gyða Björk Jónsdóttir
Hrafnkell Óskarsson
Ingólfur Pálsson
Jóna Björk Helgadóttir
Kristín Færseth
Kristín Hafsteinsdóttir
Margrét Ólafsdóttir
Margrét Sigurmundsdóttir
Sigurjón Heiðarsson
Sonja Egilsdóttir
Stefán Holm
Steingrímur Ægisson
Steinunn Friðriksdóttir
Valgerður Marinósóttir

Starfssvið

Markaðsmálasvið
Samkeppnisvið
Lagaleg málefni
Stjórnáslusvið
Samkeppnisvið
Samkeppnisvið
Forstjóri
Samkeppnisvið
Hagfræðileg málefni
Samkeppnisvið
Stjórnáslusvið
Stjórnáslusvið
Samkeppnisvið
Stjórnáslusvið
Samkeppnisvið
Stjórnáslusvið
Stjórnáslusvið
Stjórnáslusvið
Stjórnáslusvið
Markaðsmálasvið
Stjórnáslusvið
Samkeppnisvið
Samkeppnisvið
Stjórnáslusvið
Samkeppnisvið

Netföng

abh@samkeppni.is
adh@samkeppni.is
asgeir@samkeppni.is
asta@samkeppni.is
brynja@samkeppni.is
Lét af störfum á árinu
samkeppni@samkeppni.is
gsig@samkeppni.is
gudlaugur@samkeppni.is
gudridur@samkeppni.is
gunnar@samkeppni.is
Lét af störfum á árinu
Lét af störfum á árinu
ingolfur@samkeppni.is
Lét af störfum á árinu
kristin@samkeppni.is
kristinh@samkeppni.is
mo@samkeppni.is
margret@samkeppni.is
sigurjon@samkeppni.is
sonja@samkeppni.is
stefan@samkeppni.is
steingrimur@samkeppni.is
steinunn@samkeppni.is
valgerdur@samkeppni.is



SAMKEPPNISSTOFNUN

Rauðarárstigur 10
Pósthólf 5120
125 Reykjavík
Sími: 552 7422
Bréfasími: 562 7442
www.samkeppni.is
samkeppni@samkeppni.is